

From: "Anna G. Björnsdóttir" <anna.g.bjornsdottir@samband.is>
To:
CC:
Subject: Áhugaverð ráðstefna fyrir íslenska sveitarstjórnarmenn
Date: 27.1.2020 16:29:01

Ágæti viðtakandi þess er vinsamlega farið á leit að þessi póstur verði framsendur framkvæmdastjóra sveitarfélagsins og kjörnum fulltrúum í sveitarstjórn:

**„Local Action. Global Shift – Living the Sustainable Development Goals“
6.-8. maí í Innsbruck, Austurríki**

Samband íslenskra sveitarfélaga á aðild að Evrópusamtökum sveitarfélagasambanda, CEMR. Þetta eru víðtækustu og fjölmennustu hagsmunasamtök sveitarstjórnarstígrins í Evrópu. Yfir 60 sveitarfélaga- og svæðasamtök á landsvísi frá 41 landi eiga aðild að samtökunum. Aðildarsamtökin eru fulltrúar yfir 100.000 sveitarfélaga og svæða í Evrópu. Samtökin halda fjórða hvert ár ráðstefnu sem er opin sveitarstjórnarmönnum frá öllum aðildarlöndum um málefni sem brenna á evrópskum sveitarfélögum og svæðum á hverjum tíma. Ráðstefnan í Innsbruck, verður helguð innleiðingu heimsmarkmiðanna á sveitarstjórnarstigi. Í boði verða áhugaverðar framsögur og umræður, nýstárlegar vinnustofur, t.d. „Policy hack“ og vettvangsferðir til sveitarfélaga í nágrenni Innsbruck og fyrirtækja þeirra til að kynna sjálfbærum lausnum austurríkra sveitarfélaga.

Dæmi um málstofur:

- Designing strategies tailor-made for local need
- Sustainable investments in affordable housing
- Mastering monitoring; Make sure you are on the right track for 2030
- Financing sustainable development: An impossible quest?
- Upgrading democracy through active citizenship, technology and open government
- Climate academy: Lessons from successful initiatives

Ráðstefnugjald er EUR 600 ef fólk skráir sig fyrir 16. mars en hækkar eftir þann tíma.

Nánari upplýsingar um dagskrá og annað á <https://www.cemr2020.at/>. Einnig er velkomið að hafa samband við undirritaða.

mgkv

Anna Guðrún



Anna Guðrún Björnsdóttir

sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs

Beint innval: 515 4920

Netfang: <mailto:anna.g.bjornsdottir@samband.is>

Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.